

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

Afrit sent bæjarstjóra og sviðsstjóra fræðslusviða

Erindi:

Húsnæðismál í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar Strandgötu 51

Tónlistarskóli á tímamótum

Nýbygging við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

Formáli.

Tónlistarskóli Hafnarfjarðar hefur verið flaggskip Hafnarfjarðar við kennslu og uppeldi nemenda í tónlist. Skólinn var stofnaður árið 1950 og fagnar 70 ára starfsemi eftir tvö ár eða árið 2020. Í árunna rás hafa stefnur og straumar breyst mikið í tónlistarskólum, kennarar og aðrir starfsmenn skólans hafa af alúð að þjóna nemendum sínum á sem bestan hátt við tónlistarnámið og eigum við Hafnfirðingar stóran hóp starfandi tónlistarfólks á ýmsum sviðum tónlistar sem eru okkar bæjarfélagi til mikils sóma. Helstu breytingar á innra starfi tónlistarskóla síðari ára eru að rytmískar deildir hafa orðið til við all flesta tónlistarskóla á Íslandi. Í árunna rás hefur komið í ljós að klassískt nám nýtur stuðnings af rytmísku námi og öfugt. Útkoman er fjölbærari og meira skapandi einstaklingar sem stunda tónlistarnám, grunngildi tónlistarskólans verða alltaf í hávegum höfð og hvergi kvikað í þeim efnum. Með nútímatækni hefur aðgengi að tónlist opnast gjörsamlega, og hafa viðbrögð nemenda tónlistarskóla endurspeglad þessa nýju hlið. Nú hafa bæði klassískir og rytmískir tónlistarkennarar aðgengi að miklu kennsluefni beint í gegnum snjalltæki og eru meir og meir að notfæra sér þessa nýju viðbót samhliða hefðbundinni kennslu. Löngu er tímabært að skólinn stækki með stækkandi bæjarfélagi.

Tónkvísl

Árið 2008 var stofnuð rytmísk deild við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar Tónkvísl, sá ferill hafði haft nokkurn aðdraganda þar sem nokkrum árum fyrr var starfrækt stórsveit við skólann í samvinnu við Tónlistarskóla Garðabæjar vilji var hjá nemendum að leika rytmíska tónlist. Þessi hljómsveit var svo seinna meir eingöngu skipuð nemendum úr Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Hljómsveitin ferðaðist erlendis og tók þátt í verkefnum innanlands lék m.a. fyrir dansi á kóramóti íslenskra kóra í Hafnfirði og tók einnig þátt í verkefni með Kammerkór Hafnarfjarðar.

Hér að neðan er listi yfir nemendur sem voru í hljómsveitinni og voru jafnframt nemendur við skólann og eru starfandi listamenn í dag.

- Björk Nielsdóttir söngkona starfar í Hollandi
- Ingimar Andersen saxófónleikari starfar í Danmörku
- Sóley Stefánsdóttir söngur/ píanó / gítar/ tónskáld starfar á Íslandi/kennir við L.H.Í
- Eiríkur Rafn Stefánsson trompetleikari/útsetjari nemur í Hollandi
- Kristján Martinsson píanóleikari starfar í Hollandi
- Þórdís Gerður Jónsdóttir selló/saxófónn starfar á Íslandi
- Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir básúna/fiðla starfar á Íslandi/ kennari við T.H
- Sigrún Jónsdóttir básúna/klarinet/ tónskáld starfar á Íslandi
- Snorri Páll Jónsson trommur starfar í Þýskalandi

Í þau ár sem Tónkvísl hefur starfað hefur mikill fjöldi rytmískra nemenda farið þar í gegn í áframhaldandi nám í tónlistarskóla FÍH. Það hefur sýnt sig og sannað að tilkoma þessarar deildar hefur verið þörf og mikil lyftistöng fyrir tónlistarskólann og sinnt þeirri þörf nemenda sem velja frekar rytmískt nám en klassískt hlutfall nemenda hefur að jafnaði verið um 10% af heildarnemendafjölda tónlistarskólans.

Rytmíska deild tónlistarskólans fékk húsnæði í leikfímishúsi gamla Lækjarskóla. Húsið var innréttað nánast eins og það kom fyrir áður en sú starfsemi sem í húsinu er kom þar inn. Húsnæðið stenst þó ekki nútíma kröfur kennsluhúsnæðis þar sem t.d aðgengi fatlaðra er takmarkað og sum kennslurými fylla ekki kröfur um aðbúnað kennara við kennslu. **Komið hefur í ljós að töluvert óhagræði hefur fylgt því að hafa þessar deildir í sitthvoru húsnæðinu og hefur valdið því að þær hafa einangrast. Þeir kennarar sem starfa í Tónkvísl hitta ekki meginhluta samstarfsmanna sinna megnið af árinu.**

Sú blöndun sem hugmyndfræðin snérist um í upphafi að blanda saman klassík og rytmík og leyfa nemendum að vera nær báðum tónlistarstefnum hefur orðið þyngrri í vöfum en talið var, og er fyrst og fremst aðskildu húsnæði um að kenna. Það er mikil fyrirhöfn að halda rytmíska tónleika í tónlistarkólanum við Strandgötu því það þarf að flytja mikið að þeim búnaði sem fylgir flutningi á rytmískri tónlist. Það má vekja athygli á að það hefur t.d. þótt hagræði hjá Hafnarfjarðarbæ að sameina svið undir sama húsnæði sbr. Framkvæmdasvið á Berghellu.

Með flutningi tónlistarskólans inn í Tónkvísl fékk skólinn afnot af gamla íþróttasalnum (Hallsteinssal) sem er tengdur byggingunni. Salurinn hefur verið fullnýttur alla daga og flest kvöld vikunnar bæði fyrir hópa innan skólans sem utan en hann er full lítill til stærra tónleikahalds þar sem hann rúmar einungis um 90 manns í sæti. Það hefur sýnt sig að sérstakur tónleikasalur þar sem skólinn einn hefur umráðarétt er algjör nauðsyn fyrir starf hans.

Það er mikilvægur þáttur í tónlistarkennslu að geta leyft nemendum að spreyta sig í tónleikasal með sviði sem er hannaður sérstaklega fyrir hina miklu breidd tónlistar í nútímasamfélagi. Það má líkja þessu við nauðsyn í handbolta að völlum sé með merkingum á gólfi, þar liggja reglurnar án þeirra væri erfitt að leika handboltaleik. Svið og salarumgjörð er partur af reglum við flutning á tónlist.

Í gegnum árin hefur skólinn samnýtt Hásali með Hafnarfjarðarkirkju en í áranna rás hefur umfang viðburða á vegum kirkjunnar verið að aukast það mikið að það hefur oft á tíðum raskað starfi skólans. Nemendur og kennarar skólans hafa ekki getað komið í Hásali til að fá að spreyta sig á tónleikastað því salurinn er þá orðinn fulldekkjaður fyrir gesti erfidrykkju á vegum kirkjunnar.

Til framtíðar

Til margra ára hafa farið fram umræður meðal kennara innan tónlistarskólans um að mikil þörf væri á að færa rytmísku deildina nær tónlistarskólanum við Strandgötu. Skólinn þyrfti að eiga sal til eigin afnota. Það finna allir sem starfa við skólann fyrir þeirri fjarlægð og aðskilnaði nemenda við skólann eftir því hvort þeir nemi klassíska eða rytmíska tónlist. Með árunum hefur krafan meðal kennara orðið það hávær að bregðast verður við henni í allra nánustu framtíð.

Viðbygging við tónlistarskólann

Fyrir nokkrum árum var haft samband við þá arkitekta sem teiknuðu tónlistarskólann. Spurt var hvort möguleiki væri á því að byggja viðbyggingu austan við núverandi skóla í Strandgötu 51. Arkitektalega séð voru ekki vandkvæði á að hanna viðbyggingu sem félli inn í núverandi umhverfi fyrst og fremst þyrfti að gera þarfakönnun á notkun rýmisins og eflaust þyrfti að hreyfa eitthvað við deiliskipulagi svæðisins.

En hver er hugmyndin um viðbygginguna ?

Hugmyndafræðin snýst um nýbyggingu sem er tengd við núverandi byggingu skólans með gangi þar sem svaladýr eru nú. Nýbyggingin yrði alls með 14 kennslustofum á tveimur hæðum í þeim enda hússins sem snýr að Suðurgötu, tvær stofur væru stærri og þrjár minni á sama gangi og eins yrði fyrirkomlagið svipað á neðri hæðinni. Samnýting yrði á núverandi salerni og lyftum skólans fyrir fatlaða þar sem hægt væri að komast í stofur á efri hæð nýbyggingarinnar með lyftu. Í þeim enda sem snýr að Strandgötu yrði tónleikasalur fyrir 150-200 manns í stóla sem væru lausir á gólfi. Svið væri ásamt þeim búnaði sem því fylgir (hljóð og ljós) og í enda væri geymsla fyrir þá hluti sem tilheyra sviði (hljóðfæri og þ.h) gott væri ef gluggar væru í lágmarki á salnum jafnvel engir gluggar.

Litið er á verkefnið sem 5 ára plan þar sem hugsanlega væri hægt að undirrita samning um nýbyggingu fyrir árið 2020 og byggingin yrði tekin í notkun eigi síðar en árið 2023. Gert er ráð fyrir að skipuð verði nefnd kennara og stjórnenda við tónlistarskólann sem myndi gefa faglegar ráðleggingar til verkefnisins og vinna í nánu samstarfi við arkitekta og aðra aðila sem að málinu koma.

Hagfræðileg rök og rök sem styðja meiri og betri gæði kennslu Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

- Betri nýting kennara úr báðum deildum
- Auðveldari aðkoma nemenda að ólíkum tónlistarstílum
- Sameiginleg liðsheild kennara eflist
- Skólinn hefði tónleikasal út af fyrir sig undir sinni umsjón
- Aðgengi fatlaða að sækja tónlistanáms á báðar hæðir leyst
- Leiga til Þjóðkirkjunnar á Hásölum myndi falla niður
- Góður tónleikasalur til annara afnota s.s. ráðstefnur, fyrirlestra, námskeiðshald og til útleigu
- Betri nýting á hljóðfærum þó sérstaklega slagverkshljóðfærum


- Öll samskipti um faglega nálgun tónlistarnáms hjá kennurum yrði meiri og nánari
- Rytísk og klassísk stefna væru nær hverri annari og myndu styðja við hverja aðra

Hafnarfirði 6. apríl 2018

Virðingarfyllst,



Gunnar Gunnarsson, skólastjóri



Stefán Ómar Jakobsson, aðstoðarskólastjóri



Aron Örn Óskarsson, deildarstjóri í rytískri deild



Helga Björg Arnardóttir, klarinettukennari og stjórnandi lúðrasveita



Ingibjörg Guðjónsdóttir, söngkennari



Jón Rafnsson, bassakennari



Kolbrún Jónsdóttir, píanókennari